

## Stofnanasamningur

Framhaldsskólans á Laugum og starfsmanna innan Kennarasambands Íslands

### 1. kafli Inngangur

Stofnanasamningur þessi er byggður á kjarasamningi Kennarasambands Íslands við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 18. mars 2005. Hann er sérstakur samningur milli Framhaldsskólans á Laugum og starfsmanna hans, sem eru aðilar í Kennarasambandi Íslands. Honum er ætlað að stuðla að þróun launakerfis sem með skilvirkari hætti tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunarinnar og starfsmanna hennar hverju sinni. Báðir aðilar eru sammála þeirri útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins sem fram koma í stofnanasamningnum. Viðræður um stofnanasamning fara fram undir friðarskyldu (sbr. grein 11.1 í aðalkjarasamningi).

### 2. kafli Gildissvið

Samningurinn nær til starfsmanna Framhaldsskólans á Laugum sem eru í FF og FS innan KÍ.

### 3. kafli Markmið

- 3.1. Að efla faglegt starf í skólanum
- 3.2. Að skerpa á sérstöðu skólans
- 3.3. Að launakerfið miðist við að ráða og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem skólanum er ætlað að vinna.
- 3.4. Að bæta ut anumhald um nemendur
- 3.5. Að auka metnað og ýta undir nýsköpun í skólastarfi
- 3.6. Að bæta samkeppnisstöðu skólans

#### 4. kafli Röðun starfa til launa

##### 4.1. Röðun kennara í launaflokka

Kennari með BA eða BS próf byrjar í launaflokki 2

Kennari með fagpróf byrjar í launaflokki 1

##### 4.1.1. Áhrif menntunar á röðun í launaflokka

Uppeldis- og kennslufræði + 1 launaflokkur

Meistaragráða eða

Tvöfalt BA/BS próf (180 einingar) + 1 launaflokkur

##### 4.1.2. Áhrif starfsreynslu á röðun í launaflokka

Eftir 5 ár í kennslu + 1 launaflokkur

Eftir 9 ár í kennslu + 1 launaflokkur\*

Eftir 15 ár í kennslu + 1 launaflokkur\*

\* Þeir sem höfnuðu sölu á kennsluskyldu-  
lækkun fá ekki þessar launaflokkshækkunarir.

Eftir 2 ár við stofnunina + 1 launaflokkur

##### 4.1.3. Álag vegna sérstöðu skólans, allir kennarar + 1 launaflokkur

##### 4.2. Röðun brautarstjóra almennrar brautar í launaflokka

Brautarstjóri almennrar brautar raðast eins og kennarar

+ 1 launaflokkur

##### 4.3. Röðun verkefnastjóra útibús Þórshafnar í launaflokka

Verkefnastjóri raðast eins og kennarar

+ 2 launaflokkur

##### 4.4. Röðun náms- og starfsráðgjafa í launaflokka

náms- og starfsráðgjafi með BA eða BS próf byrjar í launaflokki 4

náms- og starfsráðgjafi með fagpróf byrjar í launaflokki 3

##### 4.4.1. Áhrif menntunar á röðun í launaflokka

Starfsréttindi sem náms- og starfsráðgjafi + 1 launaflokkur

Meistaragráða eða

Tvöfalt BA/BS próf (180 einingar) + 1 launaflokkur

##### 4.4.2. Áhrif starfsreynslu á röðun í launaflokka

Eftir 5 ár sem náms- og starfsráðgjafi + 1 launaflokkur

Eftir 9 ár sem náms- og starfsráðgjafi + 1 launaflokkur\*  
Eftir 15 ár sem náms- og starfsráðgjafi + 1 launaflokkur\*

\* Þeir sem höfðu sölu á kennsluskyldu-  
lækkun fá ekki þessar launaflokkshækkunarir.

Eftir 2 ár við stofnunina + 1 launaflokkur

4.4.3. Álag vegna sérstöðu skólans, allir kennarar + 1 launaflokkur

#### 4.5. Röðun áfangastjóra í launaflokka

Áfangastjóri byrjar í launaflokki 8

##### 4.5.1. Staðgengill skólameistara

Áfangastjóri er staðgengill skólameistara + 1 launaflokkur

##### 4.5.2. Áhrif starfsreynslu á röðun í launaflokka

Eftir 5 ár sem áfangastjóri + 1 launaflokkur

Eftir 9 ár sem áfangastjóri + 1 launaflokkur\*

Eftir 15 ár sem áfangastjóri + 1 launaflokkur\*

\* Þeir sem höfðu sölu á kennsluskyldu-  
lækkun fá ekki þessar launaflokkshækkunarir.

Eftir 2 ár við stofnunina + 1 launaflokkur

4.5.3. Álag vegna sérstöðu skólans + 1 launaflokkur

#### 4.6. Kjarasamningsbundin launaprep

4.6.1. Námskrárgerð, samkomulag 16/9 2008 + 1 launaprep

4.6.2. Þróunarstarf, samkomulag 22/5 2007 + 1 launaprep

4.6.3. Bókun 3 kjarasamningur 2011 + 1 launaprep

4.7. Leiðsögukennarar + 1 launaprep

1 tími í kennsluafslátt

4.8. Sjálfsmat + 1 launaprep

#### 4.9. Aðrir þættir sem geta komið til hækkunar launa

Umfang þessara þátta getur verið breytilegt eftir þörf og fjárhagsstöðu skólans hverju sinni.



## 5. kafli Skipan, hlutverk og starfshættir samstarfsnefndar

### 5.1. Skipan samstarfsnefnda

5.1.1 Hjá stofnunum ríkisins skulu starfa samstarfsnefndir, sem skipaðar eru allt að 3 fulltrúum frá hvorum aðila, þ.e. stéttarfélagi/starfsmönnum og stofnunum. Kí skal tilnefna þrjá fulltrúa í samstarfsnefnd og jafnmarga til vara. Stofnunin tilnefnir 3 fulltrúa og jafnmarga til vara.

### 5.2 Hlutverk samstarfsnefnda

5.2.1 Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi sbr. gr.11.3. Þar skal og samið um röðun starfa skv. 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

5.2.2 Nefndin skal einnig fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings.

### 5.3 Starfshættir samstarfsnefnda

5.3.1 Vegna gerðar/endurskoðunar stofnanasamnings.

Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans. Sem dæmi um breytingar á forsendum má nefna breytingar í miðlægum kjarasamningi og breytingar á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunar. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa. Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á honum. Koma skal á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Fella skal þær breytingar sem gerðar eru hverju sinni inn í gildandi stofnanasamning og staðfesta hann þannig breyttan. Að jafnaði skal stofnanasamningur endurskoðaður á tveggja ára fresti. Náist ekki samkomulag í nefndinni vegna gerðar og/eða endurskoðunar stofnanasamnings innan þriggja mánaða frá því að málið kemur til meðferðar á vettvangi hennar, getur hvor aðila um sig óskað eftir því að sáttanefnd fjármálaráðuneytis og Kí fjalli um málið sbr. gr. 11.5.

5.3.2 Vegna ágreiningsmála.

Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings til nefndarinnar. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið

berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á launasetningu eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

## 6. kafli Sáttanefnd

### 6.1 Skipan

Sáttanefnd skal skipuð sex fulltrúum. Fjármálaráðuneytið og KÍ tilnefna hvort um sig þrjá fulltrúa og þrjá til vara.

### 6.2 Hlutverk

Sáttanefnd skal taka fyrir þau mál sem til hennar er vísað skv. gr. 11.4.3.1. Ákvarðanir sáttanefndar skulu taka mið af fjárheimildum stofnana. Nefndinni er heimilt að taka til umfjöllunar mál er varða stefnumarkandi tülkanir og álitaefni er snerta framkvæmd og þróun kjarasamninga.

### 6.3 Starfshættir

Beina skal erindum til sáttanefndar með skriflegum hætti. Sáttanefndarfundi skal koma á svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Sáttanefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Nefndin setur sér að öðru leyti starfsreglur.

## 7. kafli Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. ágúst 2013 og út samningstímann, til 31 janúar 2014. Samningurinn skal endurskoðaður af samstarfsnefnd árlega.

## 8. kafli Undirritun samnings

Fulltrúar í samstarfsnefnd undirrita samninginn.

Framhaldsskólinn á Laugum 19 sept. '13

Hannrún Gunnarsdóttir Björn Björnsson  
Jóhanna Tydís Þórarinsdóttir Arnór Benediktsson



## 9. kafli Bókanir

### 9.1. Tímabundin verkefni sbr. grein 4.9.

Aðilar eru sammála um að smærri og eða tímabundin verkefni svo sem forvarnarfulltúi, félagsmálafulltrúi, upplýsingarfulltrúi og svo framvegis komi ekki til breytinga á grunnröðun heldur séu greidd sem yfirvinna og eða launaprep. Slík störf séu auglýst og í auglýsingu komi fram umfang og kjör hvers verkefnis.

### 9.2. Endurmenntunaráætlun

Aðilar eru sammála um að endurskoða og skjalfesta endurmenntunaráætlun Framhaldsskólans á Laugum á haustönn 2013 og eru reiðubúnir að taka þátt í þeirri vinnu. Tilgangur slíkrar áætlunar sé að hvetja kennara til að auka færni sína í starfi, rjúfa þá faglegu einangrun sem fylgir starfi við litla stofun og auka sveigjanleika og samkeppnishæfni skólans. Endurmenntunaráætlunin á að endurspeigla hvernig endurmenntun kennara geti leitt til launaprepahækkunar.

### 9.3. Bókun með grein 4.1.3 og 4.5.3.

Aðilar eru sammála um að vegna sérstöðu skólastarfs við FL feli kennarastarfið í sér að kennari þurfi að stunda virkt samstarf sem nýtist skólanum, bæði innan skólans og út fyrir hann. Kennarinn taki virkan þátt í þróunarstarfi skólans hverju sinni og hafi vilja til að sýna fjölhæfni í kennslu.